

Framtíðarhópur um menntamál og sérfræðiþjónustu í skólum á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var falið að koma með tillögur sem:

- samnýta þekkingu, reynslu, bjargir og krafta með það að markmiði að auka hagkvæmni, hagræðingu og gæði þjónustu.
- Nýta sérfræðiþjónustu skóla og sérfræðinga í menntamálum og kennsluráðgjöf á milli sveitarfélaga í stað þess að byggja upp þekkinguna á hverjum stað.

Skipulagður var vinnudagur þann 9. ágúst sl. þar sem fulltrúar allra sveitarfélaganna mættu, í allt 31 manns. Þar var unnið í eftirfarandi hópum:

- 1) Leikskóli, dagforeldrar og sérfræðiþjónusta við leikskólabörn.
- 2) Grunnskóli, sérfræðiþjónusta við grunnskólabörn ásamt fullorðinsfræðslu.
- 3) Fjármál, rekstur og upplýsingatækniþjónusta.
- 4) Mannauðsmál, þ.á.m. ráðningar og símenntun.

Við úrvinnslu á niðurstöðum funduðu forsvarsmenn skólaskrifstofanna (23.ágúst) og valdi hópurinn eftirfarandi til að senda áfram til umræðu. Þær tillögur sem valdar voru til frekari rýningar og umræðu hjá SSH falla undir eftirfarandi flokka:

- A. Símenntun og skólaþróun
- B. Gagnabanki til að miðla ýmsu efni á milli sveitarfélaganna
- C. Samstarf um sérfræðiþjónustu
- D. Eftirlit og mat á skólastarfi og starfi dagforeldra, þ.á.m. gerð kannanna
- E. Samstarf um fullorðinsfræðslu

Í meðfylgjandi Excel skjali eru allar hugmyndir hópanna, greindar niður eins og þær komu fram á vinnudeginum 9. ágúst. Í skjalinu er búið að raða þeim saman skv. ofangreindum flokkum. Í lok skjalsins eru gert grein fyrir þeim hugmyndum sem fram komu og ekki falla ekki hér undir.

Hér að neðan verður gert grein fyrir þessum flokkum (A-E) og reynt að draga saman helstu þætti tillagnanna.

A. Símenntun og skólaþróun

Í vinnunni komu fram hugmyndir um samstarf varðandi símenntun og að bjóða sameiginlegt símenntunartilboð fyrir starfsfólk á sviði menntamála og sérfræðiþjónustu í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig mætti útbúa bækling yfir þá símenntun sem sveitarfélögin bjóða og gefa kost á þátttöku á milli sveitarfélaga.

Slík tilboð myndu nýtast öllum starfsstéttum sem starfa á sviði menntamála og sérfræðiþjónustu. Skólastjórnendur, kennarar og almennir starfsmenn leik- og grunnskóla og dagforeldrar voru sérstaklega nefndir hvað þetta varðar. Lagt var til að stofnaður verði hópur með þátttöku aðilla frá sveitarfélögunum sem útfærir frekar hugmyndir að sameiginlegum símenntunarmálum.

Hvað varðar leiðir við símenntun þá gengu sumar hugmyndir út á miðlun reynslu. Í því samhengi var rætt að greina skóla sem ná góðum árangri í rekstri og myndun hópa úr nokkrum skólum þvert á sveitarfélög til að miðla reynslu og þróa aðferðir um afmörkuð viðfangsefni. Sem dæmi um slíka hópa var nefnt að stofna til samstarfshóps í kringum skólastjórnendur í sameinuðum grunnskólum, hóp í kringum samrekstur leikskóla og grunnskóla o.þ.h.

Hugmyndirnar í flokki A (frekari greining er í línunum 3 – 24 í Excel skjali):

L.2: Sameiginlegir fræðslupakkar sveitarfélaganna fyrir dagforeldra og starfsfólk leikskóla.

G.4: Foreldrafraeðsla frá grunnskólum, sameiginleg námskeið fyrir höfuðborgarsvæðið. Aukið upplýsingaflæði milli sveitarfélaga. (samstarf við fullorðinsfræðslu)

G.14: Samstarf um sí- og endurmenntun kennara. Vísa til reynslu Seltjarnarness

G.15: Samstarf um starfsþróun kennara. T.d starfendarannsóknir

G.16: Starfsþróun skólalastjóra, efling hans sem faglegs leiðtoga

G.28: Samstarf við Menntavísindasvið og fl. um endurmenntun og fl. sbr. Akureyri

M.1: Samstarf varðandi símenntun starfsmanna grunnskóla (starfsmenn, kennarar og stjórnendur)

Jafningjafræðsla:

Mynda faggreinateymi þvert á sveitarfélög

Netverk skóla – t.d. samstarfshópar skóla sem eru sameinaðir leik- og grunnskólar og sameinaðir grunnskólar.

ASSIST-verkefnið fyrir starfsmenn skóla

Íslenskuskólinn fyrir erlenda starfsmenn- (þróa fjölbreyttari leiðir innan vinnustaðanna)

Leggjum til að það verði til hópur þvert á sveitarfélög sem hefur umsjón og útfærir frekar hugmyndir að sameiginlegum símenntunarmálum.

Styrkirnir – taka saman hvar eru styrkjatækifæri, athuga styrki til Evrópusambandsverkefna fræðsluskrifstofa. Sameiginlegt átak í að kynna styrkjatækifæri fyrir skólum og starfsmönnum.

Sameiginlegt vefsvæði um símenntunartilboð

Athuga samstarf um námskeið fyrir foreldra/dagforeldra

F.10: Benchmarka skóla sem geta rekið skólustarfið með bestum og hagkvæmustum hætti – skoða rekstur

B. Gagnabanki til að miðla ýmsu efni á milli sveitarfélaganna

Rætt var um að koma á fót rafrænum gagnabanka þar sem upplýsingum væri safnað og þekkingu miðlað. Þar væri margskonar efni sem myndi nýtast skólum, sérfræðiþjónustu og sveitarfélögum og var eftirfarandi m.a. nefnt:

- Faglegt efni fyrir leikskóla og grunnskóla
- Hugmyndabanka um ýmis málefni
- Eyðublöð, matlistar o.þ.h.
- Upplýsingar um aðferðir í mannauðs- og fjármálum
- Gögn, hugmyndir og fræðsla um ákveðin málefni

Hugmyndirnar í flokki B (frekari greining er í línunum 25 – 35 í Excel skjali):

L.4: Samræma aðgengi að upplýsingum fyrir foreldra og fagfólk. Bæklinga, eyðublöð, matslista ofl. Einnig faglegt efni fyrir starfsfólk leikskóla, hugmyndabanka ofl.

Heimasíða þar sem safnað er gögnum, hugmyndum og fræðslu um ákveðin málefni.

(GLOW, Skotland, tengsl við Háskóla-samfélagið, tenging á fyrirlestra ofl.)

G.8: Gagnabanki fyrir sveitarfélög til að leita í.

G.11: Þekkingarsetur um læsi og lestrarkennslu (byrjendalæsi, miðlun þekkingar)

G.12: Samstarf um forvarnarstarf, skoða hvað verið er að gera, safna saman góðum hugmyndum og aðferðum.

G.20: Sameiginlegur faggagnabanki um starfsþróun kennara

F.9: Gagnabanki með verkfærum fyrir áætlanagerð, s.s. vinnuskýrslur, reiknilikön og önnur kerfi

F.16: Gagnasöfn, gagnabanki um sérfræðiþekkingu og skólatengd tilboð

Samvinna um aðferðir/verkfæri í mannauðs- og fjármálum. Sameiginlegur gagnabanki um hvaða aðferðir er verið að nota.

Vinnustaðagreining. Aðferðir til að sporna við veikindafjarvistum.

C. Samstarf um vissa þætti sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla

Lagt er til að sveitarfélögin hafi skipulagt samstarf um ákveðna þætti sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Eftir á að útfæra samstarfið og ákveðja hversu langt slíkt samstarf ætti að ganga. Hugmyndir voru allt frá því að stofna samstarfsteymi um vissa þætti sérfræðiþjónustu í það að reka sameiginlega fræðsluskrifstofu og samráðningu starfsmanna. Þau svið sérfræðiþjónustu sem voru nefnd voru m.a. kennslu- og leikskólaráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, fjölmening og talkennsla.

Hugmyndirnar í flokki C (frekari greining er í línunum 36 – 61 í Excel skjali):

L.1: Samræma þjónustu v. ráðgjafar og fræðslu:

A: Sameiginleg fræðsluskrifstofa þar sem hægt er að fá þjónustu s.s. ráðgjöf, fræðslu ofl. (leikskólaráðgjöf, sérkennsla, fjölmening, sálfræðiþjónusta ofl)

B: Samstarfsteymi valin út frá sérþekkingu þeirra sem nú starfa á fræðsluskrifstofum (leikskólasviðum) sveitarfélaganna þannig að hægt sé að nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar betur á milli sveitarfélaga en nú er gert. D: (eintisteymi, forvarnarteymi, fjölmeningarteymi)

G.6: Nýbúakennsla (nýta faglega þekkingu/aðferðafræði)

G.7: Samlag um Sérfræðiþjónustu.

G.9: Skipulegt samstarf um sérfræðiþjónustu. Þekking og ráðgjöf til skóla og sérdeilda

G.10: Samstarf um sérfræðiþjónustu við framhaldsskóla

G.17: Samstarf um talkennsluþjónustu (skv. Lögum.)

G.19: Endurskoðun á rekstri Klettaskóla

G.21: Handleiðsluhópar sérfræðiþjónustu milli sveitarfélaga.

G.26: PMT

G.27: Innkaup á búnaði fyrir nemendur með sérþarfir. Samvinna við Greiningarstöð og aðrar ríkisstofnanir.

F.3: Samnýting á dýrari búnaði m.a. vegna sérþarfa nemenda

F.7: Þjónustusamningur sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna við framhaldsskóla

F.15: Lengd viðvera fyrir fatlaða

F.17: Forvarnir

F.18: Samstarf um börn sem eru vistuð úti á landi

F.19: Sérúrræði, nýbúar, atvinnutengd úrræði, kennsluráðgjöf o.fl. samnýting sérfræðinga

F.20: Sérskólar

M.2: Ráðningar – sameiginlegir starfsmenn / sérfræðingar.

Sjáum tækifæri hvað varðar sérfræðinga. Talmeinafræðingar, mannauðsráðgjöf, lögfræðiþjónusta.

Samstarf um útivistun sérfræðiþjónustu.

M.7: Tungumálaverið – hægt að samnýta það betur.

D. Eftirlit og mat á skólastarfi og starfi dagforeldra, þ.á.m. gerð kannanna

Fram komu hugmyndir um að sveitarfélögin hefðu samstarf um eftirlit og mat á skólastarfi og starfi dagforeldra. Þannig gætu aðilar frá einu sveitarfélagi framkvæmt mat fyrir annað sveitarfélag. Einnig komu fram hugmyndir um sameiginlega tölfraeði- og rannsóknþjónustu sem þjónaði skólum og fræðsluskrifstofum á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar kannanir og rannsóknir, s.s. vinnustaðagreiningu meðal starfsmanna og viðhorfskannanir meðal foreldra. Kostir þess að hafa sameiginlegan aðila sem framkvæmir kannanir er tvíþættur; annarsvegar aukin skilvirkni og hinsvegar aukið gildi niðurstaðna, þar sem unnt verður að bera niðurstöður saman við stærri samanburðarhóp.

Hugmyndirnar í flokki D (frekari greining er í línunum 62 – 71 í Excel skjali):

L.3: Sameina mat og eftirlit sveitarfélaga, hafa það jafnvel á vegum SSH

Ein TOR þjónusta sem gæti séð um framkvæma mat á leikskólastarfi, gert viðhorfskannanir ofl. hjá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

G.1: Mat á skólastarfi. Sameiginleg aðferðafræði um ytra mat á skólastarfi á höfuðborgarsvæðinu. Skiptivinna milli sveitarfélaga. (umbótaáætlanir og eftirfylgni)

G.13: Samvinna um rannsóknir, úttektir og viðhorfskannanir á skólastarfi.

F.13: Samstarf vegna ytra mats, úttektir dagforeldra, á skólastarfi

Samstarf vegna úttekta og eftirlits með dagforeldrum.

Möguleiki að sveitarfélög geti ráðið saman úttektaraðila til að hafa umsjón með dagforeldrum.

M.5: Samstarf sveitarfélaga vegna ytra mats í grunnskólum – sveitarfélögin myndu lána starfsmenn milli sveitarfélaga.

E. Samstarf um fullorðinsfræðslu

Hópurinn ræddi einnig samstarf um fullorðinsfræðslu og sá möguleika á að bjóða sameiginlega fræðslutilboð til fullorðinna ásamt því að hafa samvinnu um námsráðgjöf. Lagt er til að hópur verði myndaður til að greina það sem er í boði í hverju sveitarfélagi og koma með tillögur um með hvaða hætti slíkt samstarf gæti átt sér stað.

Hugmyndirnar í flokki E (frekari greining er í línunum 72 – 74 í Excel skjali):

G.4: Foreldrafræðsla frá grunnskólum, sameiginleg námskeið fyrir höfuðborgarsvæðið. Aukið upplýsingaflæði milli sveitarfélaga. (samstarf við fullorðinsfræðslu)

G.2: Byggðasamstarf um fullorðinsfræðslu. Samvinna og sameiginleg ábyrgð. Hópur fari af stað til að vinna þetta nánar, t.d. þarfagreiningu á fullorðinsfræðslu, fræðslutilboð fyrir einstæðar mæður og unglinga. Vinna greiningu á því sem er í boði í hverju sveitarfélagi. Vinna samvinnuverkefni í ljósi niðurstaðna.

G.3: Samvinna um námsráðgjöf fyrir fullorðinsfræðslu.

Aðrar hugmyndir

Aðrar hugmyndir sem fram komu og falla ekki undir ofangreint tengjast samrekstri ýmissa þátta (s.s.mötuneyta, mannvirkja, akstri, innkaupa) samræmdu þjónustustigi, samráðningu starfsmanna (s.s. afleysingakennara eða sérfræðinga) og þætti sem tengjast börnum og nemendum (daggæsluurræði fyrir börn innan 2ja ára, sameiginlegar valgreinar í grunnskólum, lestrarkennslu og vistun barna).

Í línunum 75 – 110 í meðfylgjandi Excel skjalinu má sjá þær hugmyndir sem ekki falla undir flokka A-E.

Allar frekari upplýsingar varðandi vinnu hópsins veitir Ingibjörg Gísladóttir á Menntasviði Reykjavíkurborgar, ingibjorg.gisladottir@reykjavik.is, s. 4117011.